

## AUGLÝSING

### um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. 1. nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið að framreikningsstuðull fyrir matsverð fasteigna skuli vera 5,5. Þó mun hækkunin verða nokkru meiri í einstökum sveitarfélögum en hin almenna hækkun matsins, eða allt að 6,5 og í fáeinum sveitarfélögum verður hækkunin nokkru lægri, eða 5,0. Hækkun ákveðinna tegunda fasteigna verður þó 4,5 og gildir það hvar sem er á landinu.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár. Þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið fyrir einstök sveitarfélög og með hliðsjón af þeim afskrifstarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Lindargötu 46, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísan til l. nr. 94/1976, ákvæðis nr. I til bráðabirgða, tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 31. desember 1976.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 246/1971 frá 20. desember þess árs.

*Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1976.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Gunnlaugur Claessen.*

19. nóvember 1976.

Nr. 413.

## GJALDSKRÁ

um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót.

### Heimtaugargjöld.

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
  - 1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnaðis. Teikning af húsnaðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug Varastærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd <sup>1)</sup>	
		Jarðstrengur kr./m	Loflína kr./stólpa
63 einfasa .....	97 000	1 950	33 000
63 þriggjafasa .....	105 000	1 950	37 500
100 — .....	124 000	2 250	
200 — .....	202 000	2 900	
315 — .....	398 000	3 500	
300 kVa spst. ....	637 500	Samkv. kostn.	
500 kVa spst. ....	1 020 000	Samkv. kostn.	
800 kVa spst. ....	1 620 000	Samkv. kostn.	

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina. Eftir því sem hagkvæmara bykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsráms er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjólbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja heim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunni til að kostnaðarlausu en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.2 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi húsnæði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínuhús í kerfi Rafmagnsveitnanna skal greiða minnst kr. 15 000.00 miðað við 63 Amp stofnvar en að öðru leyti fer um gjald samkv. lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kaupsána og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna, hverju sinni.

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um heimtaugargjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, nr. 134 6. maí 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1976.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Kristmundur Halldórsson.*

22. nóvember 1976.

Nr. 414.

## REGLUGERÐ

um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.

### 1. gr.

Bólusetning til varnar garnaveiki skal framkvæmd á öllum ásetningslömbum, ár hvert á landinu öllu að undanteknum eftirtöldum svæðum: Hofshreppur, A-Skaft., Vestur-Skaftafellssýsla öll, svæðið milli varnargirðingar úr Gilsfirði í Bitrufjörð að varnargirðingu úr Kollafirði í Ísafjörð.

Ef ástæða þykir til, getur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Sauðfjár-sjúkdómanefndar og yfirdýralæknis, fyrirskipað bólusetningu í sama skyni á svæðum, þar sem ekki er bólusett nú, einnig á eldra fé en lömbum og á öðrum tíma en almennt gildir.

### 2. gr.

Bólusetning skal fara fram á tímabilinu 15. september til 31. desember ár hvert.

### 3. gr.

Sýslumenn eða lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi og í samráði við Sauðfjár-sjúkdómanefnd, skipa eftirlitsmenn með framkvæmd bólusetningarinnar. Starfið er uppsegjanlegt af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 15. september ár hvert. Skipun framlengist sjálfkrafa til eins árs í senn, ef hvorugur segir upp.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir (bæjarstjórnir) útnefna bólusetningarmenn, einn til tvo í hverjum hreppi eða bæjarfélagi. Heimilt skal að ráða fleiri bólusetningarmenn, ef bólusettir eru margir aldursflokkar sauðfjár sama ár t. d., þegar bólusetning er hafin á nýju svæði. Einnig er heimilt að sami maður bólusetji fé í fleiri hreppum, ef hentara þykir að dómi eftirlitsmanns.

### 4. gr.

Eftirlitsmenn skulu hlutast til um, að nægilegt bóluefni sé ætíð fyrir hendi, þegar bólusetning skal fara fram, einnig viðhlítandi útbúnaður til bólusetningar.

### 5. gr.

Sveitarstjórnnum er skylt í samráði við eftirlitsmenn, að láta bólusetningarmenn framkvæma skoðun á bólusettu fé til könnunar á árangri bólusetningar um það bil mánuði eftir bólusetningu. Komi í ljós, að eigi séu finnanleg merki eftir fyrri bólusetningu, skulu þær kindur bólusettar svo fljótt sem verða má.

Eftirlitsmenn skulu safna skýrslum frá bólusetningarmönnum um framkvæmd bólusetningar og endurbólusetningar og senda þær Sauðfjár-sjúkdómanefnd að því loknu.